

**Ed. 483. Frumvarp til stjórnarskipunarlags [170. mál]**  
um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

**1. gr.**

33. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé eigi sviptur lögræði.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.